

Ýmis ákvæði.

Á mæla skal að jafnaði lesa einu sinni eða tvisvar á ári. Veitunni er heimilt að áætla notkun og gefa út reikninga mánaðarlega þess á milli.

Hækki innkaupsverð á raforku er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa varðandi raforku um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður veitunnar vegna almennra verðhækkana, er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingakostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. janúar 1993. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Akranesveitu nr. 666, 27. desember 1995, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. ágúst 1996.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

Nr. 469

26. ágúst 1996

REGLUGERÐ**um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti.**

1. gr.

Innheimta verðmiðlunargjalds.

Greiða skal verðmiðlunargjald af kindakjöti, sem nemur kr. 7,00 af hverju kg kjöts sem selt er frá afurðastöð á innanlandsmarkað og skal tekjum af gjaldinu varið til verkefna samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast álagningu gjaldsins samkvæmt söluskýrslum afurðastöðva og innheimtir það mánaðarlega hjá afurðastöðvunum. Gjaldldagi er 25. dag næsta mánaðar eftir sölu og eindagi 30 dögum síðar.

Verðmiðlunargjald kindakjöts er aðfararhæft.

2. gr.

Skipting tekna milli verkefna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins og Landssamtök sláturleyfishafa gera fyrir 1. mars ár hvert tillögu til landbúnaðarráðherra um skiptingu árlegra tekna af verðmiðlunargjaldi milli eftirfarandi verkefna:

- a. Jöfnunar á flutningskostnaði á sláturfé.
- b. Jöfnunar á flutningskostnaði kindakjöts.
- c. Markaðs- og kynningarstarfsemi.

Óheimilt er að ráðstafa umfram 80% af árlegum tekjum til verkefna samkvæmt a- og b-liðum 2. mgr. og umfram 30% til verkefna samkvæmt c-lið. Aldrei má ráðstafa meiru en árstekjum af verðmiðlunargjaldi samanlagt til ofangreindra verkefna.

3. gr.

Jöfnun flutningskostnaðar á sláturfé.

Flutningsjöfnun samkvæmt þessari grein nær aðeins til svæða þar sem meðalflutningskostnaður hefur hækkað vegna fækkunar afurðastöðva frá árinu 1987. Reikna skal hámark flutningsjöfnunar frá framleiðendum til afurðastöðva á eftirfarandi hátt:

1. Allir framleiðendur skulu sjálfir bera kostnað sem nemur kr. 6,50 pr. kg kjöts.
2. Greiða skal að hámarki 80% af þeim kostnaði sem er umfram kostnað samkvæmt 1. tl. Aldrei skal greiða hærri flutningsjöfnun en nemur 50% af flutningskostnaði.
3. Fari styrkþörf samkvæmt þessari grein fram úr ráðstöfunarfé eftir skiptingu samkvæmt 2. gr. skal lækka styrki hlutfallslega jafnt til allra aðila.

Aldrei skal jafna kostnað vegna flutninga sláturfjár lengri leið en að næstu afurðastöð. Þó er heimilt vegna förgunar haustið 1995 að jafna flutning að afurðastöðvum með ESB-leyfi.

4. gr.

Jöfnun flutningskostnaðar kindakjöts.

Reikna skal hámark flutningsjöfnunar frá sláturstað til aðalmarkaðar þannig:

1. Sláturleyfishafi ber allan kostnað við flutning kindakjöts fyrstu 100 km ef flutt er landveg og hliðstætt hlutfall ef flutt er sjóveg. Lestun og losun er innifalin í þessum kostnaði.
2. Fyrir hvern einfaldan km sem flutt er umfram 100 km greiðist flutningsjöfnun, kr. 1,15 pr. kg kjöts að meðaltali á hverja 100 km. Sama fjárhæð greiðist þótt flutt sé sjóleiðis milli sömu staða.
3. Fari styrkþörf samkvæmt þessari grein fram úr ráðstöfunarfé eftir skiptingu sem ákveðin hefur verið samkvæmt 2. gr., skal lækka styrki hlutfallslega jafnt til allra aðila.

5. gr.

Styrkir til markaðs- og kynningarmála.

Framleiðsluráð landbúnaðarins og Landssamtök sláturleyfishafa meta þörfina fyrir markaðs- og kynningarstarfsemi hverju sinni. Við mat og framkvæmd á verkefnum skal m.a. eftirfarandi gætt:

1. Velja skal að öðru jöfnu verkefni sem nýtast öllum afurðastöðvum óháð legu þeirra og stærð.
2. Nýta skal hagkvæmni stærðar til þess að ná niður kostnaði við hvert einstakt verkefni.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1996 skal tillaga skv. 2. gr. berast landbúnaðarráðherra eigi síðar en 10. september það ár.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.